

## **Minnisblað lagt fram á fundi með Umhverfis og samgöngunefnd 07.05.2018.**

Heildarendurskoðun á lögum um mat á umhverfisáhrifum er nauðsynleg og bútasamur eins og nú er fyrirhugaður er ekki líklegur til þess að nálgast þau markmið sem almenn sátt er um. Verkfræðingafélagið ítrekar þá skoðun sína að þarna sé farið fram með hálfkarað verk og nær sé að hefja þessa heildarendurskoðun nú þegar, þar sem heildarhagsmunum sé gert hærra undir höfði, en ekki bara litið einhæft á að herða þær kröfur sem gerðar eru til framkvæmdmáráðila um leið og lagðar eru meiri byrðar á herðar yfirhlaðinna stjórnáskilvæðingum eins og reyndin virðist vera.

Samkvæmt frumvarpinu er einungis er heimilt að samþætta ferla skipulagsákvæðana og umhverfismats en það er ekki beinlínis gert skylt. Það er miður. Hagsmunir framkvæmdaraðila eru fólgnir í því að lagakröfur séu skýrar, auk þess sem fyrirsjáanleiki og skilvirkni skipta miklu máli við undirbúning verkefna. Afar brýnt er að einfalda stjórnáskilvæðingum, efla skilvirkni og draga úr tvíverknaði.

Markmið og tilefni boðaðra breytinga á lögum er rakið í greinum 2 og 3 í greinargerð með frumvarpinu. Í þessum málsgreinum er hvergi talað um breytingar til einföldunar og skilvirkni, en slíkt er nauðsynlegt til að lækka kostnaðaráhættu almennings, bæði beint gegnum t.d. hærri kostnað við rekstur innviða og síðan og ekki síst kostnað framkvæmdaraðila, en aukning kostnaðar þar getur leitt til skerðingar á samkeppnishæfni einstakra framkvæmda í byrjun amk, en jafnvel alls samfélagsins í heild þegar upp er staðið.

VFÍ hefur í umsögn sinni lagt fram breytingar hvað varðar skilyrðingu kæruréttar að aðilar hafi á virkan hátt komið að ferlinu varðandi samráð og framsetningu athugasemda. Það eru tillögur sem falla að athugasemdum ESA, ekki síður en mörg þau ákvæði sem í frumvarpinu eru. Það er skoðun VFÍ að Umhverfis og samgöngunefnd eigi að íhuga alvarlega innleiðingu þessara tillagna.

VFÍ fagnar jafnframt ákvæði í 9. Grein, 1 mgr, varðandi áskilnað um aðkomu sérfræðinga:

„Framkvæmdaraðili skal tryggja að frummatsskýrslan sé útbúin af til þess hæfum sérfræðingum.“

Núverandi umhverfisráðherra segir í Mbl. 5.5. 2018 að mikilvægt sé að „finna leiðir til að auka þátttöku snemma í ferli ákvarðanatöku til að byggja undir aukna sátt um áætlanir og framkvæmdir, og fækka deilumálum, þar með talið kærur.“ Þetta er auðvitað kjarni máls og meginatriði laganna. Aukin þátttaka almennings og umhverfissamtaka í ferli umhverfismats og skipulagsákvæðana er æskileg. En meiri rétti hljóta að fylgja kröfur um aukna ábyrgð. Skilyrðing kæruréttar að tillögu VFÍ er leið að því marki. Að öðrum kosti blasir sú hættu við að þær breytingar sem fyrirhugaðar eru í frumvarpinu ýti enn frekar undir þá tilhneigingu að umhverfissamtök víki sér undan þátttöku á fyrstu stigum undirbúnings til þess að geta komið fram með kærur og stöðvunarkröfur þegar brýn innviða- og samfélagsverkefni eru komin á framkvæmdastig.

Reyndar virðist þungamiðja tillagnanna vera að auka skrifræði og þrengja kröfur um upplýsingagjöf og stytta gildistíma úrskurða.

- Dæmi er krafa um auglýsingu áforma í 8gr, 1 mgr og hertar kröfur um valkostagreiningu sbr 9 gr, 2 málsgr.

Samhengið er samt ekki endilega alltaf augljóst, liður 8 í grein 3 fjallar um skýrari kröfur varðandi rökstuðning Skipulagsstofnunar, í frumvarpinu er svo þessum málsgreinum bætt inn:

- 6 gr, 3., 5. og 6. mgr: „..., sem og öðrum gögnum um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar.“

Hvaða gögn er átt við, þetta orðalag opnar á þann möguleika að þeir sem fjalla um mál af hálfu skipulagsyfirvalda geti komið með kröfur um gögn sem hugsanlega eru ekki rökrétt viðbót eða heyra til málsins að mati ráðgjafanna.

Hvað varðar upplýsingagjöf til almennings, þá eru breytingar ekki miklar og í þeim felst ekki réttlætning á þessari bútasamsbreytingu sem nú er verið að fjalla um, eftirfarandi ákvæði eru sýnileg:

- Krafa um auglýsingu tilkynningar um framkvæmd sbr að ofan 8. gr 1 mgt.
- Orðalagsbreytingin „kynna hana almenningi“ í „kynna hana almenningi og hafa aðgengilega á vef stofnunarinnar“ eða eftir því sem við á „sveitarfélagsins“

Nýjungin er krafan um tilkynningu framkvæmdar sem ekki er hægt að skoða á annan hátt en aukningu á skrifræði, enda er nýting viðkomandi framkvæmdasvæðis skilgreind í viðkomandi skipulagi. Skipulagsstofnun birtir úrskurði varðandi matsskyldu á vefsíðu sinni, úrskurði er hægt að kæra. Þarna er því eingöngu um íþyngjandi skrifræðisþrep að ræða.

Þegar ofangreint er haft í huga auk þeirra tveggja atriða sem hafa verið gagnrýnd til þessa, gildistími og innleiðing stjórnvaldssekta, þá er ekki hægt að álykta örðuvísi en að markmið þessa frumvarp sé að gera ferlið meira íþyngjandi og auka skrifræði, sem við sjáum ekki að sé í anda þeirrar tilmæla sem borist hafa frá ESA.

Skilgreining á ferlinu og afmörkun umhverfisþátta sbr. 4. grein frumvarpsins er jákvæð breyting, reyndar má benda á að skilmerkilegra hefði verið að bæta framan við áskilnaði um að framkvæmdaaðili auglýsi áform sbr 8. gr 1 mgt og úrskurð Skipulagsstofnunar (hvað varðar liði B og C), það eru skref í þessu ferli sem heyra til upptalningarinnar.